

**Staðfesting forseta** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð frá Karólínu Kristjánsdóttur fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. maí 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð frá Karólínu Kristjánsdóttur, fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frá Karólínu Kristjánsdóttur, fyrrverandi ljósmóður á Stóru-Þverá í Holtshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Framtíðin, og ýmsum fleirum í Holts- og Haganeshreppum, með 500,00 króna stofnfé, til minningar um frá Karólínu, sem eina af stofendum kvenfélagsins, og ljósmóður í Holtshreppi um 15 ára skeið. Karólína var fædd 21. maí 1902 og dáin 28. júlí 1951.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggri peningastofnun og efla, sem hér segir:

- a. Árlega skulu á fæðingardegi frá Karólínu seld merki til minningar um hana, og renni ágóði af merkjasölunni í minningarsjóðinn.
- b. Á afmæli hennar, eða sem næst því, ef hentara þykir, skal haldin skemmtun, til ágóða fyrir sjóðinn.
- c. Gefin verði út minningarspjöld, sem öllum gefist kostur á að kaupa.
- d. Með gjöfum, áheitum, eða öðru, sem einstaklingar eða félög kynnu að óska að efla sjóðinn með.

4. gr.

Úr sjóði þessum skal veita til bágstaddra og þeirra sem þurfa að fara til sérfræðings ef slys ber að höndum, í Holts- og Haganeshreppum.

Höfuðstóll skal vera minnst kr. 2.000,00 — tvö þúsund krónur — og má þá veita úr honum á félagssvæðið. Utan félagssvæðis má ekki veita styrk fyrr en höfuðstóll er orðinn kr. 5.000,00 — fimm þúsund krónur —.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal kosin á aðalfundi kvenfélagsins Framtíðin, og skal hún skipuð þremur félagsbundnum konum og öðrum 3 til vara. Kosning hvernar konu gildir um þrjú ár í senn, þó þannig að fyrstu tvö árin gangi ein úr stjórninni hvort ár, eftir hlutkesti, og svo árlega ein í réttri röð. Stjórnin skiptir með sér verkum, sem formaður, gjaldkeri og ritari, og annast öll störf sjóðsins milli aðalfunda kvenfélagsins, án endurgjalds. Stjórn sjóðsins skal gera aðalfundi kvenfélagsins grein fyrir störfum sínum, og leggja þar fram reikninga sjóðsins, sem kvenfélagið sér um að séu endurskoðaðir.

6. gr.

Leysist kvenfélagið Framtíðin upp, eða hætti störfum, skal fela sveitarstjórnnum Holts- og Haganeshreppa að annast yfirumsjón sjóðsins, þar til annað kvenfélag kynni að verða stofnað í Fljótum, er taki að sér umsjá sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.